

Félagsvísar: Skortur á efnislegum gæðum 2014

Social indicators: Material deprivation 2014

Samantekt

Hlutfall fólks sem skorti efnisleg gæði á Íslandi lækkaði úr 6,6% í 5,5% milli ára 2013 og 2014. Árið 2013 var þetta hlutfall á Íslandi það fimmta lægsta í Evrópu.

Þegar skortur er greindur eftir atvinnustöðu skera öryrkjar sig úr, en árið 2014 skorti 23% þeirra efnisleg gæði. Hlutfallið var mun lægra á meðal atvinnulausra, 12,5%, og enn lægra á meðal annarra hópa.

Skortur á efnislegum gæðum er tíðari á meðal einstæðra foreldra og barna þeirra en á meðal annarra heimilisgerða. Árið 2014 skorti 20,3% þessa hóps efnisleg gæði. Til samanburðar má nefna að hlutfallið var 4,6% á meðal þeirra sem bjuggu á heimilum tveggja fullorðinna og tveggja barna. Þá var hlutfallið nokkuð hátt á meðal einstaklinga undir 65 ára aldri sem búa einir á heimili, eða 15,1%.

Inngangur

Skortur á efnislegum lífsgæðum er ný mæling á lífsgjaravanda

Árið 2014 birti Hagstofan í fyrsta sinn greiningar á skorti á efnislegum gæðum, sem er mæling á þáttum lífsgæðum þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat.¹ Með þessu hefti eru tölur um skort á efnislegum gæðum uppfærðar en jafnframt hefur verið bætt við greiningum. Þar vegur þýngst ítarlegri greining á heimilisgerðum sem leiðir af sér fjölgun á heimilisgerðum á milli ára. Fyrir vikið er samband skorts og heimilisgerðar megin viðfangsefni þessa heftis.

Áður en við beinum athygli að heimilisgerðum er þó gagnlegt að skoða heildarmyndina. Mynd 1 á næstu síðu sýnir hlutfall íbúa á Íslandi sem bjuggu á heimilum sem skorti efnisleg gæði á tímabilinu sundurgreint eftir kyni. Eins og áður hefur komið fram var hlutfall fólks sem skorti efnisleg gæði ekki hærra á árunum 2010–2013 en það hafði verið á árunum 2004–2007. Hlutfallið hækkaði eftir 2008 og var hæst eftir hrun árið 2011, eða 6,9%. Eftir það leitaði hlutfallið hægt niður á við og lækkaði allnokkuð á milli 2013 og 2014, úr 6,6% í 5,5%, og hefur aldrei mælst lægra ef frá eru talin árin 2008 og 2009 sem voru um margt óvenjuleg í efnahagslegum skilningi.


Hlutfall kvenna sem skorti efnisleg gæði var hærra en hlutfall karla flest þau ár sem mælingin nær til en nokkuð dró þó saman milli kynjanna á milli 2013 og 2014, en konur fóru úr 7,3% í 5,7% og karlar úr 5,9% í 5,3%.

¹ Hagtíðindi, 99. árg., 21. tbl., 30. júní 2014: [Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013](#).



Mynd 1. Skortur á efnislegum lífsgæðum eftir kyni

Figure 1. Material deprivation by sex




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Allir $\pm 1,9$; karlar $\pm 1,7$; konur $\pm 2,2$. CI (95%) 2014; Total $\pm 1,9$; men $\pm 1,7$; women $\pm 2,2$.

Mynd 2 setur Ísland í evrópskt samhengi, en árið 2013 bjuggu 6,6% Íslendinga á heimilum sem skorti efnisleg gæði, sem er fimmta lægsta hlutfallið á meðal þeirra landa sem taka þátt í evrópsku lífshjúfanannsókninni. Lægst var hlutfallið í Sviss, eða 3,7% en hæst var það í Búlgaríu, 58%, og Makedóníu, eða 56,3%. Almenn komu Norðurlöndin vel út úr þessari mælingu. Svíþjóð er með annað lægsta hlutfallið (4,3%), Noregur það þriðja lægsta (4,8%) og Finnland það sjöunda lægsta (8,5%). Danmörk rekur lestina af Norðurlöndunum með áttunda lægsta hlutfallið, eða 9,3%.

Það er um margt athyglisvert að bera saman þróunina á Íslandi saman við lönd sem lentu illa í kreppunni. Aðstæður í löndunum sem má sjá í mynd 3 og viðbrögð stjórnvalda við kreppunni voru um margt ólík. Á tímabilinu 2004–2007 er hlutfallið sem skortir efnisleg gæði nokkuð stöðugt á Íslandi, Írlandi og Spáni en ívið hærra í tveimur síðarnefndari löndunum. Árið 2007 skorti 7,4% efnisleg gæði á Íslandi, 10,3% í Írlandi og 14,4% á Spáni. Á milli 2007 og 2008 lækkaði hlutfallið á Íslandi en hækkaði svo eftir það fram til 2011 en helst svo nokkuð stöðugt. Þróunin er með öðrum hætti á Írlandi, en hlutfallið byrjar að hækka eftir 2007 og nær hámarki árið 2012 í 24,9% en lækkar svo lítillega eftir það. Á milli 2007 og 2012 hækkaði tíðni skorts á efnislegum gæðum í Írlandi þannig um 14,6 prósentustig eða 141,7 prósent. Á Íslandi var hlutfallið hinsvegar ekki hærra eftir hrun en það hafði verið á árunum 2004–2007, eins og áður hefur komið fram. Á Spáni hækkaði hlutfallið eftir 2008, úr 10,8%, og var hæst árið 2013, eða 16,9%, sem er mun hóflegri hækkun en á Írlandi.

Mynd 2. Skortur á efnislegum gæðum í Evrópu árið 2013

Figure 2. Material deprivation in Europe in 2013




Heimild Source: Eurostat.

Þróunin er á annan veg í Grikklandi og Eistlandi. Hlutfallið sem skorti efnisleg gæði lækkaði í báðum löndum á milli 2005 og 2008 en þó mun meira í Eistlandi en í Grikklandi. Árið 2005 var hlutfallið svipað í báðum löndum, eða 26,6% í Eistlandi og 26,3% í Grikklandi. Árið 2008 var hlutfallið komið niður í 21,8% í Grikklandi en 12,4% í Eistlandi. Eftir það hækkaði hlutfallið í báðum löndum. Í Grikklandi hækkaði hlutfallið hægt á milli 2008 og 2010, úr 21,8% í 24,1% en mun hraðar eftir það og árið 2013 skorti 37,3% efnisleg gæði í Grikklandi. Í Eistlandi hækkaði hlutfallið mun hraðar á milli 2008 og 2010, úr 12,4% í 23,3% en lækkaði svo aftur eftir það og árið 2014 skorti 19,4% íbúa Eistlands efnisleg gæði.

Mynd 3. Skortur á efnislegum gæðum á Íslandi, Írlandi, Spáni, Grikklandi og Eistlandi

Figure 3. Material deprivation in Iceland, Ireland, Spain, Greece and Estonia




Heimild Source: Eurostat.

Mynd 4 sýnir hlutfall einstaklinga sem búa á heimilum sem skortir efnisleg gæði eftir atvinnustöðu. Þar má sjá að öryrkjar og langveikir auk atvinnulausra skera sig allnokkuð úr, en árið 2014 bjuggu 23% þeirra sem skilgreina sig sem öryrkja við skort á efnislegum gæðum og 12,5% þeirra sem skilgreina sig sem atvinnulausa. Hlutfallið er mun lægra í öðrum hópum, en 4,1% námsmanna og 3,2% þeirra sem voru í fullu starfi skorti efnisleg gæði þetta sama ár. Lægst var hlutfallið á meðal eftirlaunaþega, eða 2,5%. Öryrkjar og langveikir standa í stað á milli 2013 og 2014, í 23% sem er hæsta hlutfall sem mælst hefur hjá þessum hópi þau ár sem líf skjara-rannsóknin nær til. Hlutfallið lækkar hinsvegar á meðal atvinnulausra, úr 21,1% í 12,5%.

Mynd 4. Skortur á efnislegum gæðum eftir atvinnustöðu

Figure 4. Material deprivation by employment status




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Í fullu starfi ± 1.0 ; atvinnulausir ± 3.4 ; námsfólk ± 1.6 ; eftirlaunaþegar ± 2.7 ; öryrkjar og langveikir ± 11.2 . CI (95%) 2014: Employed full-time ± 1.0 ; unemployed ± 3.4 ; students ± 1.6 ; pensioners ± 2.7 ; disabled and long-term ill ± 11.2 .

Endurbætur á lífskjararannsókninni gera okkur kleift að greina búsetu í stærri bæi auk höfuðborgarsvæðis og þéttbýlis sem hefð er fyrir. Um er að ræða stærri bæi utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem Reykjanesbæ og Akureyri, sem töldust áður til dreifbýlis í lífskjararannsókninni.

Mynd 5. Skortur á efnislegum gæðum eftir búsetu

Figure 5. Material deprivation by population density



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: Þéttbýli $\pm 2,4$; stærri bæir $\pm 2,7$; dreifbýli $\pm 2,6$. CI (95%)2014: Densely populated $\pm 2,4$; intermediate $\pm 2,7$; sparsely populated $\pm 2,6$.


Árið 2014 skorti 8,6% íbúa stærri bæja efnisleg gæði, 5% íbúa höfuðborgarsvæðisins og 3,9% fólks í dreifbýli. Þegar við horfum til þeirra ellefu ára sem lífskjararannsóknin nær yfir sjáum við að það er meiri munur eftir búsetu í kjölfar hrunsins en í aðdraganda þess. Þá er athyglivert að skortur á efnislegum gæðum jókst minna og hægar í dreifbýli en í stærri bæjum og á höfuðborgarsvæðinu og varð í raun aldrei jafn mikill í dreifbýli eftir hrun og hann hafði verið fyrir það.

Skortur á efnislegum gæðum og ólíkar heimilisgerðir

Við hefjum umfjöllunina um skort á efnislegum gæðum eftir ólíkum heimilisgerðum með því að bera saman heimili með og án barna. Mynd 6 sýnir að árið 2014 var hlutfallið hærra hjá fólki sem bjó á heimilum með börn, eða 6,2% samanborið við 4,6% á meðal þeirra sem bjuggu á barnlausum heimilum. Skortur á efnislegum gæðum er tíðari á heimilum barna en á barnlausum heimilum í sjö af þeim ellefu árum sem lífsskjararannsóknin nær til.

Mynd 6. Skortur á efnislegum gæðum hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn

Figure 6. Material deprivation in households with and without children




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: Barnlaus heimili $\pm 2,7$; heimili með börn $\pm 2,2$. CI (95%) 2013: Childless households $\pm 2,7$; households with children $\pm 2,2$.

Mynd 7 sýnir skort á efnislegum gæðum hjá fjórum ólíkum heimilisgerðum. Fyrsti hópurinn samanstendur af fullorðnum einstaklingum sem búa einir. Annar hópurinn samanstendur af fólki sem býr á heimilum með einum fullorðnum einstaklingi ásamt einu eða fleiri börnum. Þessi hópur gefur vísbendingu um stöðu einstæðra foreldra. Þriðji hópurinn samanstendur af fólki sem býr á heimilum tveggja barnlausra fullorðinna einstaklinga, en þessi hópur inniheldur til dæmis ungt fólk sem hefur enn ekki eignast börn, fólk með uppkomin börn, fólk sem á börn á öðrum heimilum og fólk sem á ekki börn. Fjórði hópurinn er svo fólk sem býr á heimilum tveggja fullorðinna með tvö börn, sem gefa vísbendingu stöðu hinnar svokölluðu vísitölufjölskyldu. Saman gefa þessar fjölskyldugerðir vísbendingu um áhrif barna og áhrif fjölda fyrirvinna á heimilum á líf skjör þeirra.

Mynd 7. Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð

Figure 7. Material deprivation by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2013: 1 fullorðinn, alls $\pm 2,8$; 2 fullorðnir <65, barnlausir $\pm 1,3$; 1 fullorðinn m. barn/börn $\pm 12,5$; 2 fullorðnir, 2 börn $\pm 0,9$. CI (95%) 2013: 1 adult, total, $\pm 2,8$; 2 adults <65 w. no children $\pm 1,3$; 1 adult w. child(ren) $\pm 12,5$; 2 adults w. 2 children $\pm 0,9$.


Lægst er hlutfallið á meðal fólks sem býr á heimilum sem innihalda tvo fullorðna einstaklinga en engin börn, 1,7%, en því næst koma heimili sem innihalda tvo fullorðna einstaklinga og tvö börn, 4,6%.

Hlutfallið er nokkuð hærra á meðal fullorðinna einstaklinga sem búa einir, eða 11%. Hæst er hinsvegar hlutfallið hjá þeim sem búa á heimilum einstæðra foreldra, eða 20,3%. Einstæðir foreldrar og börn þeirra eru þannig líklegri en önnur heimili til að búa við bág líf skjör en þó er rétt að benda á að hlutfallið hefur lækkað frá 2012 en þá var það 25,1%. Þannig virðist fjöldi fyrirvinna skipta lykilmáli varðandi líf skjör heimila en börn fyrst og fremst hafa áhrif ef það er aðeins ein fyrirvinna á heimilinu.

Þó að heimili falli undir sömu heimilisgerð geta þau verið ólík og ástæða til að sundurgreina þau frekar. Mynd 8 á næstu síðu sýnir að allnokkur munur er á heimilum einhleypra og barnlausra eftir því hvort einstaklingur er yngri en 65 ára eða 65 ára og eldri. Hlutfall skorts á efnislegum lífsgæðum er hærra í yngri hópnum en þeim eldri öll árin sem líf skj jararannsóknin nær til. Munurinn minnkaði þó nokkuð á milli 2004 og 2008, en eftir 2008 jókst hann aftur, að mestu sökum hækkandi hlutfalls í yngri hópnum. Árið 2014 skorti 15,1% efnisleg gæði í yngri hópnum en 4,4% í þeim eldri.

Mynd 8. Skortur á efnislegum lífsgæðum á einstaklingsheimilum, undir og yfir 65 ára

Figure 8. Material deprivation in childless households of singles above and below the age of 65




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 1 fullorðinn <65 $\pm 1,5$; 1 fullorðinn >64 $\pm 5,1$. CI (95%) 2014: 1 adult <65 $\pm 1,5$; 1 adult >64 $\pm 5,1$.

Mynd 9 sýnir hlutfall karla og kvenna sem búa ein sem skortir efnisleg gæði. Munurinn á kynjunum er almennt fremur lítill og framan af breytilegt frá ári til árs í hvorum hópnum hlutfallið er hærra. Þó er athyglisvert að hlutfallið hefur verið hærra á meðal karla en kvenna síðustu fjögur árin en árið 2014 skorti 12,5% þessara kvenna efnisleg gæði samanborið við 9,5% karla.

Mynd 9. Skortur á efnislegum lífsgæðum á einstaklingsheimilum eftir kyni

Figure 9. Material deprivation in childless households of singles by sex




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 1 fullorðinn karl $\pm 1,6$; 1 fullorðinn kona $\pm 4,3$. CI (95%) 2014: 1 adult, male $\pm 1,6$; 1 adult, female $\pm 4,3$.

Að lokum sýnir mynd 10 heimili tveggja fullorðinna með börn sem skortir efnisleg gæði, sundurgreint eftir fjölda barna á heimilinu. Almennt má ætla að fjárhagur heimila þrengist eftir því sem börnum fjölga, en á mótí kemur að samband er á milli fjölda barna og aldurs foreldra; það eru því fleiri börn eftir því sem foreldrar

eru eldri, en þar að auki er jákvæð fylgni á milli aldurs fólks og tekna þeirra. Árið 2014 var hlutfallið hæst á meðal heimila með þrjú börn eða fleiri, 5,9%. Hlutfallið var 4,6% á heimilum með tvö börn en lægst var hlutfallið á heimilum með eitt barn, eða 1,3%. Þegar tímabilið 2004 og 2014 er skoðað má hinsvegar sjá að það er nokkuð breytilegt hvernig heimilisgerðirnar raðast og þá sérstaklega hvort heimili með eitt eða tvö börn eru líklegri til að skorta efnisleg gæði.

Mynd 10. Skortur á efnislegum lífsgæðum á heimilum tveggja fullorðinna eftir fjölda barna

Figure 10. Material deprivation in two adult households by number of children



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2014: 2 fullorðnir, 1 barn ± 0.6 ; 2 fullorðnir, 2 börn ± 0.9 ; 2 fullorðnir, >2 börn ± 5.1 . CI (95%) 2014: 2 adults, 1 child ± 0.6 ; 2 adults, 2 children ± 0.9 ; 2 adults, >2 children ± 5.1 .

Um félagsvísa

Í júní árið 2012 var gerður samningur milli velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands sem felur í sér að Hagstofan annast uppfærslu og birtingu félagsvísa. Félagsvísar eru safn tölulegra upplýsinga um velferð, efnahag, heilsufar og félagslegar aðstæður íbúa í landinu. Vísarnir draga upp mynd af þróun samfélagsins og lífsgæðum landsmanna og auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þjóðfélagsþróun og samfélagsbreytingum.

Um rannsóknina

Svarhlutfall var 71,1% og svör fengust frá 8.842 einstaklingum á 3.001 heimili árið 2014

Lífskjararannsóknin hófst árið 2004 að frumkvæði Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Markmið rannsóknarinnar er að afla greinargóðra sambærilegra upplýsinga um tekjur og lífskjör almennings á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og þeim ríkjum sem eru í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Lífskjararannsóknin er úrtakskönnun þar sem gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma. Auk þess er aflað upplýsinga um tekjur þátttakenda og heimilismanna með tengingu við skattskrá. Grunneiningin er heimili fremur en einstaklingar. Úrtakið er fengið með því að velja einstaklinga með slembni úr þjóðskrá og þar með heimilið sem þeir tilheyra. Sá einstaklingur sem valinn er í úrtakið kallast „valinn svarandi“ og veitir hann allar upplýsingar um aðstæður heimilis, sínar eigin og allra annarra heimilismanna.

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2014 var 4.499 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettóúrtakið 4.221 heimili. Svör fengust frá 3.001 þessarra heimila sem er 71,1% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.842 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd 3. febrúar til 7. maí árið 2014.

Skýringar og hugtök

1. Skortur á efnislegum gæðum

Þeir sem teljast búa við skort á efnislegum gæðum eru skilgreindir þannig að þeir búi á heimili þar sem þrennt af eftirfarandi á við:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

2. Búseta

Þéttbýli er skilgreint sem svæði með yfir 500 íbúa á ferkílómetra og heildaríbúa-fjölda yfir 50 þúsund. Stærri bæjir eru skilgreindir sem svæði hafa fleiri en 100 íbúa á hvern ferkílómetra. Drefibýli er skilgreint sem svæði með undir 100 íbúa á ferkílómetra.

3. Börn og fullorðnir á heimili

Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.

4. Heimilisgerðir og fjölskyldugerðir

Heimilisgerðir og fjölskyldugerðir eru ekki það sama. Fjölskyldur eru skilgreindar út frá tengslum einstaklinga, t.d. makar og/eða foreldrar og börn. Til heimila teljast hinsvegar allir sem deila heimili óháð tengslum. Þannig myndu t.d. þrír fullorðnir einstaklingar sem leigja saman húsnæði teljast til sama heimilis en ekki til sömu fjölskyldu, enda séu tengsl þeirra ekki slík. Þó má ætla að töluverð tengsl séu á milli skilgreininga, t.d. að heimilisgerðin „Einn fullorðinn með barn/börn“ endurspeglir fjölskyldugerðina „Einstæðir foreldrar“. Skilgreining á hverjir teljast til fullorðinna og hverjir til barna á hverju heimili hafa einnig áhrif á tengsl heimilis- og fjölskyldugerða. Heimili einstæðs foreldris með 17 ára barn í námi teldist t.d. til heimilisgerðarinnar „Einn fullorðinn með barn/börn“ en ef barnið er í launaðri vinnu teldist heimilið til heimilisgerðarinnar „Tveir fullorðnir án barna“.

5. Atvinnustaða

Þátttakendur í lífskjarakönnuninni eru beðnir að skilgreina atvinnustöðu sína. Frá 2004 til 2008 voru skilgreiningarnar níu.

1. Starfandi í fullu starfi
2. Starfandi í hlutastarfi
3. Atvinnulaus
4. Námsfólk
5. Eftirlaunaþegi

6. Öryrkjar og óvinnufærir
7. Gegnandi herskyldu eða þegnskylduvinnu
8. Heimavinnandi
9. Annað

Frá og með árinu 2009 voru starfandi í fullu starfi og í hlutastarfi sundurgreindir eftir því hvort þeir voru launþegar eða sjálfstætt starfandi.

6. *Öryggisbil* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk sem má túlka þannig að 95% líkur séu á að hið sanna gildi sé innan tilgreindra vikmarka. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.

English summary

The proportion of people living in materially deprived households fell between 2013 and 2014, from 6,5% to 5,5%. In 2013 the material deprivation rate in Iceland was the fifth lowest in Europe.

The proportion of disabled and long-term ill stands out as having a high rate of material deprivation, or 23% in 2014, although the unemployed are also well above average with 12,5%.

Material deprivation is more common among people living in single parent households than in other households types, or 20,3% in 2014. In comparison, 4,6% of people living in two adult households with two children experienced deprivation. The proportion was also quite high, relative to the population average, among childless single households under the age of 65, or 15,1%.

Tafla 1. Skortur á efnislegum lífsgæðum á Íslandi 2004–2014 eftir ýmsum bakgrunnsbreytum
Table 1. Material deprivation in Iceland 2004–2014 by various background variables

	Hlutfall <i>Percent</i>											Vik- mörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2014
Alls <i>Total</i>	8,0	8,0	7,0	7,4	2,5	3,4	6,5	6,9	6,8	6,6	5,5	±1,9
Kyn <i>Sex</i>												
Karlar <i>Males</i>	7,4	7,3	6,2	6,7	2,5	3,5	5,9	6,3	6,4	5,9	5,3	±1,7
Konur <i>Females</i>	8,6	8,7	7,8	8,0	2,6	3,2	7,2	7,5	7,2	7,3	5,7	±2,2
Búseta <i>Residence</i>												
Þéttbýli <i>Densely populated areas</i>	8,1	7,8	6,5	7,0	2,6	3,0	6,4	6,9	6,2	7,1	5,0	±2,4
Stærri bæir <i>Intermediate</i>	8,7	9,9	8,0	8,1	1,6	3,7	9,3	9,0	10,3	6,7	8,6	±2,7
Dreifbýli <i>Sparsely populated areas</i>	6,9	6,8	7,8	8,0	3,2	4,1	3,5	4,3	5,0	4,4	3,9	±2,6
Heimilisgerðir <i>Household types</i>												
1 fullorðinn <65 <i>1 adult <65</i>	18,4	16,3	12,5	13,1	8,0	9,9	15,1	20,5	15,2	18,0	15,1	±1,5
1 fullorðinn >64 <i>1 adult >64</i>	5,9	6,4	6,2	8,6	4,5	2,4	4,2	2,3	3,7	2,1	4,4	±5,1
1 fullorðinn, karl <i>1 adult, male</i>	13,4	14,5	9,7	9,9	7,7	8,8	9,9	15,2	13,2	13,9	12,5	±1,6
1 fullorðinn, kona <i>1 adult, female</i>	15,0	11,4	11,5	13,7	6,0	6,2	13,3	13,6	8,7	9,4	9,5	±4,3
1 fullorðinn, karl <65 <i>1 adult, male <65</i>	16,4	16,5	11,2	10,3	9,1	10,5	11,7	18,8	16,2	19,2	15,5	±1,3
1 fullorðinn, kona <65 <i>1 adult, female <65</i>	22,1	15,9	14,8	18,4	6,3	8,9	20,1	23,1	13,6	16,2	14,6	±3,5
1 fullorðin, alls <i>1 adult, total</i>	14,2	13,0	10,5	11,6	6,9	7,6	11,6	14,4	11,0	11,7	11,0	±2,8
2 fullorðnir <65, barnlausir <i>2 adults <65, no children</i>	8,5	6,5	6,6	4,2	1,7	3,2	3,7	5,1	4,5	5,5	1,7	±1,3
2 fullorðnir >64, barnlausir <i>2 adults >64, no children</i>	1,9	2,6	3,5	1,4	0,0	0,3	0,8	0,6	1,2	1,2	1,3	±1,0
Önnur barnlaus heimili <i>Other households without children</i>	4,7	4,6	1,1	4,5	0,0	2,1	2,5	5,0	4,7	2,4	2,5	±1,6
1 fullorðinn með barn/börn <i>1 adult with child(ren)</i>	24,9	27,0	19,3	25,3	10,2	11,3	20,4	23,4	25,1	23,8	20,3	±12,5
2 fullorðnir, 1 barn <i>2 adults, 1 child</i>	4,6	5,7	4,8	6,7	1,3	1,6	5,5	4,3	4,3	3,8	1,3	±0,6
2 fullorðnir, 2 börn <i>2 adults, 2 children</i>	5,7	6,0	5,8	4,0	0,7	2,7	3,5	3,8	2,9	3,8	4,6	±0,9
2 fullorðnir, 3+ börn <i>2 adults, 3+ children</i>	5,7	6,3	8,0	9,3	2,3	1,5	7,1	4,7	5,5	5,8	5,9	±5,1
3+ fullorðnir með börn <i>3 adults with children</i>	7,2	6,9	4,4	5,5	1,9	1,6	3,5	4,3	5,2	5,2	4,2	±2,7
Barnalus heimili <i>Childless homes</i>	8,3	7,4	6,3	5,8	2,7	3,9	5,6	7,2	6,0	5,9	4,6	±2,7
Heimili með börn <i>Homes with children</i>	7,9	8,4	7,4	8,3	2,4	3,0	7,1	6,8	7,3	7,1	6,2	±2,2
Atvinnustaða <i>Self-defined employment status</i>												
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	6,8	6,3	5,5	5,7	1,5	2,4	4,4	4,7	4,1	4,1	3,2	±1,0
Í hlutastarfi <i>Employed part-time</i>	8,8	8,4	5,5	5,7	2,5	1,6	4,0	5,8	6,2	6,4	3,3	±2,4
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	29,6	25,1	19,8	13,0	2,6	8,7	13,9	19,6	19,0	21,1	12,5	±3,4
Námsfólk <i>Students</i>	7,7	8,0	7,0	8,3	3,6	5,5	8,0	6,9	6,5	7,6	4,1	±1,6
Eftirlaunaþegar <i>Old-age pensioners</i>	2,8	2,8	4,7	3,6	1,0	1,1	1,4	1,0	3,1	0,9	2,5	±2,7
Öryrkjar og langveikir <i>Disabled and longterm ill</i>	19,8	21,2	18,7	22,7	12,4	9,3	21,8	21,8	17,8	23,0	23,0	±11,2

Tafla 2. Skortur á efnislegum lífsgæðum í nokkrum Evrópulöndum 2004–2014*Table 2. Incidence of material deprivation in European countries 2004–2014*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Austurríki <i>Austria</i>	9,0	9,2	10,0	10,1	13,0	10,6	10,6	9,8	9,8	9,9	9,2
Belgía <i>Belgium</i>	11,8	13,3	12,9	12,0	11,6	11,4	12,3	12,9	12,5	11,7	.
Bretland <i>United Kingdom</i>	.	12,5	11,0	10,4	11,3	10,3	13,4	13,3	16,6	17,4	.
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	.	.	71,4	72,4	55,0	55,5	59,4	60,1	61,6	58,0	.
Danmörk <i>Denmark</i>	6,5	7,6	7,8	7,0	5,4	6,0	6,0	6,9	7,5	9,3	.
Eistland <i>Estonia</i>	21,3	26,6	17,7	15,4	12,4	17,1	22,3	21,5	21,3	19,4	.
Finnland <i>Finland</i>	10,6	10,8	9,9	9,4	9,1	8,2	8,4	8,4	8,9	8,5	7,9
Frakkland <i>France</i>	14,1	13,2	12,7	12,2	13,1	13,5	12,6	12,4	12,8	12,3	.
Grikkland <i>Greece</i>	25,1	26,3	23,5	22,0	21,8	23,0	24,1	28,4	33,7	37,3	.
Írland <i>Ireland</i>	10,4	11,2	11,4	10,3	13,6	17,1	16,1	22,7	24,9	24,4	.
Ísland <i>Iceland</i>	8,0	8,0	7,0	7,4	2,5	3,4	6,5	6,9	6,8	6,6	5,5
Ítalía <i>Italy</i>	14,3	14,3	13,9	14,9	16,1	15,6	16,0	22,3	25,2	24,0	.
Króatía <i>Croatia</i>	32,2	34,7	35,6	34,6	.
Kýpur <i>Cyprus</i>	.	31,2	30,7	30,8	24,9	24,1	28,4	29,8	31,5	36,0	.
Lettland <i>Latvia</i>	.	56,8	50,8	42,9	35,7	40,2	46,6	49,0	44,6	40,4	34,6
Litháen <i>Lithuania</i>	.	51,7	41,4	29,6	23,0	27,4	36,3	35,1	34,4	31,7	.
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	2,7	3,9	2,7	3,0	3,5	4,0	4,1	4,7	4,5	5,6	.
Malta <i>Malta</i>	.	15,2	13,0	13,5	13,7	15,5	15,6	17,1	19,8	19,4	.
Mekedónía <i>F.Y.R.M.</i>	57,8	56,3	.
Niðurland <i>Netherlands</i>	.	7,5	6,5	5,6	5,2	5,2	7,2	6,6	6,5	8,1	.
Noregur <i>Norway</i>	6,0	7,8	6,2	5,1	4,6	5,2	5,3	5,3	4,5	4,8	.
Portúgal <i>Portugal</i>	21,7	21,2	19,9	22,4	23,0	21,5	22,5	20,9	21,8	25,5	.
Pólland <i>Poland</i>	.	50,8	44,0	38,2	32,3	29,5	28,4	26,4	27,8	25,5	.
Rúmenía <i>Romania</i>	.	.	.	53,3	50,3	49,3	49,2	47,7	48,0	45,8	.
Serbía <i>Serbia</i>	44,3	.
Slóvakía <i>Slovakia</i>	.	42,6	35,7	30,2	27,8	24,5	24,9	22,0	22,7	23,4	.
Slóvenía <i>Slovenia</i>	.	14,7	14,4	14,3	16,9	16,2	15,8	17,2	16,9	17,0	.
Spánn <i>Spain</i>	14,4	11,9	13,0	11,1	10,8	13,7	15,1	13,2	16,3	16,9	.
Sviss <i>Switzerland</i>	.	.	.	6,7	5,5	6,3	5,4	3,3	3,6	3,7	.
Svíþjóð <i>Sweden</i>	6,9	5,7	6,2	5,8	4,6	4,8	3,9	4,2	4,4	4,3	.
Tékkland <i>Czech Rep.</i>	.	22,7	19,7	16,4	16,2	15,6	15,1	16,1	16,8	15,9	.
Tyrkland <i>Turkey</i>	.	.	81,5
Ungverjaland <i>Hungary</i>	.	39,7	37,4	38,6	37,1	40,3	39,9	42,2	44,0	44,1	39,6
Þýskaland <i>Germany</i>	.	11,0	13,5	12,1	13,0	12,5	11,1	12,4	11,3	11,6	.
Evrópusambandið <i>European Union</i>	17,8	18,5	19,8	19,6	.
Evrusvæðið <i>Eurozone</i>	.	13,8	14,0	13,3	13,8	14,0	14,1	15,4	16,4	16,5	.

Heimild Source: Eurostat.

Hagtiðindi
Statistical Series

100. árg. • 24. tbl.

ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður
Wages, income and labour market

2015:6

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kolbeinn Stefánsson • kolbeinn.stefansson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series